



Háaleitisskóli
Ásbrú

Lestrarstefna Háaleitisskóla
2018-2019





Efnisyfirlit

Inngangur	4
Íslenska 1. bekkur námsgögn	5
Námsmarkmið 1. bekkjar	5
Kennslufyrirkomulag	5
Áherslur í kennslu	5
Hlutverk heimilis	6
Námsmat	6
Íslenska 2. bekkur námsgögn	7
Námsmarkmið 2. bekkjar	7
Kennslufyrirkomulag	7
Áherslur í kennslu	7
Hlutverk heimilis	8
Námsmat	8
Íslenska 3. bekkur námsgögn	8
Námsmarkmið 3. bekkjar	9
Kennslufyrirkomulag	9
Áherslur í kennslu	9
Hlutverk heimilis	9
Námsmat	9
Íslenska 4. bekkur námsgögn	10
Námsmarkmið 4. bekkjar	10
Kennslufyrirkomulag	11
Áherslur í kennslu	11
Hlutverk heimilis	11
Námsmat	11
Íslenska 5. bekkur námsgögn	12



Námsmarkmið 5. bekkjar.....	12
Kennslufyrirkomulag.....	13
Áherslur í kennslu.....	13
Hlutverk heimilis.....	13
Námsmat.....	13
Íslenska 6. bekkur námsgögn.....	13
Námsmarkmið 6. bekkjar.....	14
Kennslufyrirkomulag.....	14
Áherslur í kennslu.....	14
Hlutverk heimilis.....	14
Námsmat.....	15
Íslenska 7. bekkur námsgögn.....	15
Námsmarkmið 7. bekkjar.....	16
Kennslufyrirkomulag.....	16
Áherslur í kennslu.....	16
Hlutverk heimilis.....	16
Námsmat.....	17
Íslenska 8. bekkur námsgögn.....	17
Námsmat.....	18
Hlutverk heimilis.....	18
Íslenska 9. bekkur námsgögn.....	18
Námsmat.....	19
Hlutverk heimilis.....	19
Íslenska 10. bekkur námsgögn.....	20
Námsmat.....	20
Hlutverk heimilis.....	20
Skilgreiningar á námsmati.....	20
Hraðlestrarpróf.....	20



Markmið hjá hverjum árgangi í lestri:	21
Lesskilningspróf.....	21
Stafakönnun	21
Læsi – lesskimun.....	21
Lesferill.....	22
Áherslur og kennsluaðferðir	22
Gagnvirkur lestur	22
Hugtakakort.....	22
Hljóðlestur.....	22
Nákvæmnislestur.....	22
Leitarlestur	23
Hraðlestur.....	23
Lesskilningsverkefni.....	23
Lestraráttak.....	23
Fyrirkomulag í foreldraviðtölum	23
Óunnin heimavinna.....	23
Heimalestur	24



Inngangur

Unnið er að endurskoðun og stefnumótun lestrarstefnu Háaleitisskóla skólaárið 2018-2019 í tengslum við nýútkomna lestrarstefnu Reykjanesbæjar, fjölgun nemenda af erlendum uppruna og tiltölulega nýrri starfsemi bókasafnsins.

Háaleitisskóli hefur vaxið mjög hratt og í skólanum eru u.þ.b. 40% nemenda af erlendum uppruna. Lestrarstefnuna þarf að endurskoða m.t.t. fjölmenningar. Haustið 2018 opnaði tungumálver, Glæðheimar, sem sinnir nýbúakennslu.

Haustið 2018 er í fyrsta skiptið kennt í 10. bekk við skólann. Lestrarstefna á unglingastigi er í mótun. Þann hluta þarf m.a. að skoða m.t.t. samfelli.

Einnig þarf í endurskoðun lestrarstefnunnar að taka tillit til þess að bókasafn skólans hefur verið að mótast og er enn í þróun. Fyrst haustið 2017 var ráðinn fastur starfsmaður við bókasafnið.

Hugmyndavinna er hafin að því hvernig við getum skapað lestrarmenningu í skólanum og hvernig við getum vakið áhuga nemenda á lestri. Haft bækur sýnilegri og aðgengilegri. Ofantalin atriði og fleiri til þarf að hafa til hliðsjónar við mótun lestrarstefnu Háaleitisskóla.



Íslenska 1. bekkur námsgögn

Námsgögn:

- Lestrarlandið 1 og 2
- Það er leikur að læra, vinnubækur 1 og 2
- Ritrún 1
- Skrift 1
- Ýmsar skriftaræfingar
- léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins
- önnur ljósrituð vinnuhefti
- við lesur A, vinnubók
- Málhljóðakassinn, orðaforðabingó, Lærum og leikum með hljóðin, DVD, App og spil
- Sögubókin mín

Námsmarkmið 1. bekkjar

Lestur

Að nemendur geti:

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- unnið með eigin frásagnir og sögur til að örva þá til lestrar
- kynnst rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og setningum
- unnið verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- tekið sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort þeir eigi í lestrarerfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið
- lesið 20-55 orð á mínútu að vori

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Hljóðlestraraðferð er lögð til grundvallar kennslu í 1. bekk. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les á hverjum degi fyrir



umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku.

Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður þrjú orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálft með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðuleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- Ágúst/september fara nemendur í stafakönnun hjá umsjónarkennara til að skoða stöðu nemenda.
- September– bókstafakönnun
- September - lesfimi
- Október – læsi – lesskimun (skólagátt)
- Nóvember – nefnuhraðapróf (skólagátt)
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar – lesskilningspróf
- Des/janúar – sjónrænn orðaforði (skólagátt)
- Mars – orðleysupróf (skólagátt)
- Maí – sjónrænn orðaforði (skólagátt)
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí – lesskilningspróf
- Maí – bókstafakönnun

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.



Íslenska 2. bekkur námsgögn

Námsgögn:

- Við lesum B, ásamt vinnubók. Einnig verða lestrarbækur með/án vinnubóka við hæfi hvers og eins nemanda
- Skrift 2 og skriftarblöð
- Skrifa í sögubók
- Ritrún 2
- Síð ögnin af hverju
- Leikur að orðum 2. og 3. hefti
- Auk annarra ljósrita frá kennara

Námsmarkmið 2. bekkjar

Lestur:

Að nemendur geti:

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- náð auknum tókum á lestri, bæði hvað varðar lestrarhraða og skilning og séu þannig í stöðugri framför
- lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- lesið 40-85 orð á mínútu í lok 2. bekkjar

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur 1. sinni í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálf og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina.



Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður fimm orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálfur með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- September- leið til læsis. sjónrænn orðaforði og lesfimi
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar – sjónrænn orðaforði (skólagátt)
- Des/janúar – lesskilningspróf
- Febrúar – leið til læsis. sjónrænn orðaforði og lesfimi
- Mars – orðleysupróf (skólagátt)
- Maí – hraðlestrarpróf (Ási í bæ var ekki nema sjö ára)
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí – sjónrænn orðaforði (skólagátt)
- Maí – lesskilningspróf

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.

Íslenska 3. bekkur námsgögn

- Lestrarbækur með/án vinnubóka við hæfi hvers og eins
- Sprelligosar og Bras og Þras í Bunulæk, lesbækur og vinnubækur (bókmenntir)
- Fjölbreytt ljósrituð verkefni, bingó, samstæðuspil o.fl.
- Lesskilningsverkefni
- Skrift 3 auk skriftarhefta
- Ritrún 3
- Lesrún



Námsmarkmið 3. bekkjar

Lestur:

Að nemendur geti:

- nýtt sér góðan orðaforða við að skilja texta
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf. Lesi sögur, ljóð, ævintýri og fræðandi efni
- beitt hugtökum eins og persóna, boðskapur, söguþráður, rím, kvæði, vísa og ljóðlína
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

lesið 55-100 orð á mínútu

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur tvisvar. sinnum í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálfir og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Að þessu loknu fara nemendur í erfiðari orð til að skrifa niður eftir upplestri.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður 10 orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. nemendur skrifa svo orðið í stílabók og leiðrétta sjálfir með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- Október – leið til læsis. sjónrænn orðaforði og lesfimi
- Des/janúar - lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar - sjónrænn orðaforði (skólagátt)



- Des/janúar - orðarún 1.
- Des/janúar - lesskilningspróf.
- Febrúar – Logos. Niðurstöður fengnar frá fræðsluskrifstofu.
- Febrúar – leið til læsis. sjónrænn orðaforði og lesfimi
- Mars – orðleysupróf (skólagátt)
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí – sjónrænn orðaforði (skólagátt)
- Maí - orðarún 2.
- Maí - lesskilningspróf.

Umsjónarkennari fer yfir prófin og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.

Sérkennarar leggja fyrir Logos skimunarpróf og fara yfir niðurstöður þess. Þeir taka svo sameiginlega ákvörðun með umsjónarkennara um hvaða frávíkisþjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá.

Íslenska 4. bekkur námsgögn

- Lestrabækur við hæfi hvers og eins
- Skinna 1 og 2
- Skrift 4 og ljósrituð verkefni
- Loftur og gullfuglarnir les- og vinnubók
- Ritunarverkefni og málfræðiverkefni frá kennara
- Græna bókin (eftir áramót)
- Kóngar í ríki sínu og prinsessan Petra, lesbók og vinnubók
- Lesrún 2

Námsmarkmið 4. bekkjar

Lestur:

Að nemendur geti:

- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess



- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf. Lesi sögur, ljóð, ævintýri og fræðandi efni
- beitt hugtökum eins og um persónu, boðskap, söguþræði, rími, kvæði, vísu
- aflað sér upplýsinga úr bókum og á rafrænu formi
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- lesið 80-145 orð á mínútu

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur 2. sinnum í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálfir og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Að þessu loknu fara nemendur í erfiðari orð til að skrifa niður eftir upplestri.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður 10 orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálfur með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðuleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- September - lesfimi
- September – Samræmd próf
- Des/Janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/Janúar - orðarún 1
- Des/Janúar - lesskilningspróf



- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí - orðarún 2
- Maí- lesskilningspróf

Allir sem koma að nemendum í 4. bekk fara yfir niðurstöður prófanna og meta hvernig bregðast skuli við árangri einstakra nemenda.

Íslenska 5. bekkur námsgögn

- Flökkuskinna
- Orðspor 1 lesbók og verkefnabók
- Græna bókin, lesbók og vinnuhefti
- Óboðnir gestir, lesbók og vinnuhefti
- Svaðilför í berjamó, lesbók og vinnuhefti
- Skrift 5

Námsmarkmið 5. bekkjar

Lestur:

Að nemendur:

- öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning
- þjálfist í að ná upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni eða af netinu og unnið úr þeim
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta með því að fást við margvíslegt lestrarefni
- geti lesið úr töflum og myndritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum í slíkri framsetningu
- auki orðaforða sinn, málskilning og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- geti lesið 90-140 orð á mínútu



Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur tvisvar. sinnum í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálfir og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Að þessu loknu fara nemendur í erfiðari orð til að skrifa niður eftir upplestri.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður 10 orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálfur með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- September – lesfimi (skólagátt)
- Janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar - orðarún 1
- Des/ janúar - lesskilningspróf
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí - orðarún 2
- Maí - lesskilningspróf

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna/ lesskilningsverkefni út frá stöðu nemenda.

Íslenska 6. bekkur námsgögn

- Orðspor 2 textabók og vinnubók



- Söguskinna
- Skrift 6
- Ljóðspor og verkefni
- Stafsetning, ritreglur og æfingar
- Benjamín Dúfa, lesbók og verkefni

Námsmarkmið 6. bekkjar

Lestur:

Að nemendur:

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri, m.a. á Netinu
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- geti lesið 105-155 orð á mínútu.

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur 2. sinnum í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálf og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Að þessu loknu fara nemendur í erfiðari orð til að skrifa niður eftir upplestri.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður 15 orð úr lesna textanum



og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálfur með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðuleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- September – lesfimi (skólagátt)
- Nóvember – Logos. Niðurstöður fengnar frá fræðsluskrifstofu.
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar - orðarún 1
- Des/janúar - lesskilningspróf
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí - orðarún 2
- Maí - lesskilningspróf

Sérkennarar og kennsluráðgjafar frá Fræðsluviði Reykjanesbæjar leggja fyrir Logos skimunarpróf og fara yfir niðurstöður þess. Þeir taka svo sameiginlega ákvörðun með umsjónarkennara um hvaða frávíkisþjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá.

Íslenska 7. bekkur námsgögn

- Töfraskinna
- Fallorð
- Draugaslóð
- Gunnlaugssaga
- Skrift 7
- Orðspor 3
- Stafsetning, ritreglur og æfingar
- Ljósrituð lesskilningsverkefni



Námsmarkmið 7. bekkjar

Lestur:

Að nemendur:

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- lesi a.m.k. tvær unglingsbækur að eigin vali og geri grein fyrir efni þeirra.
- geti gert stuttan útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að lesa og túlka upplýsingar úr töflum og myndritum
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim
- þjálfist í að lesa texta með gagnrýnu hugarfari
- geti lesið 120 – 165 orð á mínútu.

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum eftir því hvar þeir eru staddir. Hver nemandi les reglulega fyrir umsjónarkennarann sinn. 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur 2. sinnum í viku. Umsjónarkennari les upp orðin og nemendur skrifa niður í stílabók. Nemendur fara yfir orðin sjálfir og leiðrétta með því að strika yfir rangt orð og skrifa rétt orð við hliðina. Að þessu loknu fara nemendur í erfiðari orð til að skrifa niður eftir upplestri.

Hlutverk heimilis

Lestur heima er mikilvægur fyrir samstarf heimilis og skóla. Nemendur lesa minnst 15. Mínútur á dag fyrir foreldra sína og að því loknu velur forráðamaður 15 orð úr lesna textanum og les upp fyrir barnið. Barnið skrifar svo orðið í stílabók og leiðréttir sjálfur með því að lesa textann aftur yfir og finna orðin.



Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðuleika og námsgeta eykst.

Námsmat

- September – lesfimi (skólagátt)
- September – samræmt próf
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar - orðarún 1
- Des/janúar - lesskilningspróf
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí - orðarún 2
- Maí - lesskilningspróf

Íslenska 8. bekkur námsgögn

- Neistar
- Með fjaðrabliki
- Kjalnesingasaga
- Smásagnasmáræði
- Handbækur
- Ítarefni

Námsmarkmið 8. bekkjar

Lestur:

Að nemendur:

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- lesi a.m.k. tvær unglíngabækur að eigin vali og geri grein fyrir efni þeirra.
- geti gert stuttan útdrátt úr efni sem hann hefur lesið



- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að lesa og túlka upplýsingar úr töflum og myndritum
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim
- þjálfist í að lesa texta með gagnrýnu hugarfari
- geti lesið 130-180 orð á mínútu.

Námsmat

- September – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar - orðarún 1
- Des/janúar - lesskilningspróf
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí - orðarún 2
- Maí – lesskilningspróf

Hlutverk heimilis

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.

Íslenska 9. bekkur námsgögn

- Kveikjur, lesbók/textabók og verkefnabók
- Sérðu það sem ég sé?
- Kjalnesingasaga
- Lesskilningsverkefni
- Stafsetning, ritreglur og æfingar



- Handbækur
- Ítarefni

Námsmarkmið 9. bekkjar

Lestur:

Að nemendur:

- nái viðmiðum um lesfími
- geti lesið ólíka texta með góðum skilningi, lagt mat og túlkað
- geti valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur
- þekki einkenni ljóða, smásagna, leiktexta, örsagna og myndasagna, skilgreint slíkar bókmenntir og greint þær og nýtt þekkinguna og leiknina til skapandi skrifa
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- þekki mismunandi sjónarhorn höfundar, skilgreint þau og greint í texta og nýtt þá þekkingu og leikni við eigin skrif.

Námsmat

- September – lesfími (skólagátt)
- Des/janúar – lesfími (skólagátt)
- Des/janúar – lesskilningspróf
- Mars – samræmt próf
- Maí – lesfími (skólagátt)
- Maí – lesskilningspróf

Hlutverk heimilis

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.



Íslenska 10. bekkur námsgögn

Námsmat

- September – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar – lesfimi (skólagátt)
- Des/janúar – lesskilningspróf
- Maí – lesfimi (skólagátt)
- Maí – lesskilningspróf

Hlutverk heimilis

Hlutverk heimilis er mikilvægur þáttur í námi barnsins. Góður stuðningur við heimanám minnkar námsörðugleika og námsgeta eykst.

Íslenska 10. bekkur námsgögn

- Logar: texta og verkefnabók í íslensku
- „Mér er mun ...“ bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla
- Gísla saga Súrssonar
- Lesskilningsverkefni
- Stafsetning, ritreglur og æfingar (er samþætt í kennslu)
- Handbækur
- Ítarefni

Skilgreiningar á námsmati

Hraðlestrarpróf

Er lagt fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og er einkunn gefin í orðum á mínútu og hvað nemandinn les mörg prósent rétt af textanum.



Reiknireglan er fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Við útreikninginn er unnið út frá eftirfarandi reglum:

- Ef eitt orð er rangt lesið er allt orðið rangt.
- Ef kennarinn segir orð sem barnið kemur ekki frá sér telst orðið rangt.
- Tekið er tillit til nemenda með framburðargalla og þeirra sem stama.

Markmið hjá hverjum árgangi í lestri:

1. bekkur 20-55 orð á mínútu
2. bekkur 40-85 orð á mínútu
3. bekkur 55-100 orð á mínútu
4. bekkur 80-120 orð á mínútu
5. bekkur 90-140 orð á mínútu
6. bekkur 105-155 orð á mínútu
7. bekkur 120-165 orð á mínútu
8. bekkur 130-180 orð á mínútu
9. bekkur 140-180 orð á mínútu
10. bekkur 145-180 orð á mínútu

Lesskilningspróf

Lesskilningspróf meta skilning nemenda á lesnu efni. Allir nemendur í 1-9. bekk fara í lesskilningspróf í desember og maí. Nemendur í 3. – 8. bekk fara í staðlað próf sem heitir Orðarún og er það lagt fyrir í desember og maí.

Stafakönnun

Lögð fyrir nemendur í 1. bekk að hausti og kannar þekkingu þeirra á heiti hljóða og stafa. Einnig prófar það getu nemenda til að greina einstök hljóð í orðum og þekkingu nemandans og færni til að skrifa algeng orð.

Læsi – lesskimun

Skimar lestrarfærni nemenda í 1. bekk. Skimunin er gerð í október hvert ár og er skimunin stöðluð og sýnir samanburðarskýrsla árangur nemandans í hundraðsröðun miðað við jafnaldra. Reiknuð er út staða nemanda miðað við aldur og viðmið prófsins. Miðað er við þrjú



aldursbil þ.e. nemendur fæddir í september -desember, janúar - apríl og maí - ágúst. Skimuninni er skipt upp í þrjá hluta, hljóðkerfisvitund, bókstafa- og hljóðaþekkingu og málþroska.

Lesferill

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni frá þriggja til 16 ára aldurs.

Áherslur og kennsluáferðir

Gagnvirkur lestur

Þegar gagnvirkur lestur er notaður í kennslu vinna nemendur saman, skiptast á hlutverkum og allir eru virkir. Einn les textann upphátt, næsti rifjar upp innihald þess sem lesið var og spyr hvort einhver hugtök þarfnist útskýringa. Þriðji nemandinn spyr svo spurninga um efnið og sá fjórði leitast við að svara þeim.

Hugtakakort

Hugtakakort eru notið til að vinna úr innihaldi bóka á myndrænan hátt. Unnið er út frá ákveðnum lykilhugtökum. Smærri undirhugtök flokkast svo undir þau þannig að þau gefa heildarmynd af innihaldi textans.

Hljóðlestur

Hljóðlestur er þegar nemendur lesa í hljóði. Helstu kostir hljóðlestrar er aukinn skilningur og meiri leshraði en þegar lesið er upphátt.

Nákvæmnislestur

Nákvæmnislestur byggist á því að lesa hvert orð. Hraðinn er mismunandi eftir lesefninu. Mikilvægt er að nemandinn geri sér grein fyrir því hvers vegna hann er að lesa, að hann skoði uppbyggingu textans og leiti að lykilorðum sem auðvelda honum skilning. Með nákvæmnislestri þarf lesandinn að túlka og leggja mat á efnið og leshraðinn verður því minni en ella en lesskilningurinn eykst.



Leitarlestur

Leitarlestur er notaður til að finna ákveðnar upplýsingar í texta. Lesandinn rennir augunum yfir textann þar til hann finnur það sem hann leitar að.

Hraðlestur

Markmiðið með því að þjálfna nemendur í hraðlestri er að auka leshraða þeirra í nákvæmnislestri. Hraðlestur byggist á því að nemandinn reynir að lesa enn hraðar en hann er vanur.

Lesskilningsverkefni

Í Háaleitisskóla eru til fjölbreytt lesskilningsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt og henta þau nemendum í 1.-10. bekk.

Lestrarátak

Lestrarátak er tvisvar sinnum á skólaárinu og er hvert átak í tvær vikur í senn.

Fyrirkomulag í foreldraviðtölum

Umsjónarkennari sýnir foreldrum niðurstöður prófa og rætt hvað hægt er að bæta úr ef þess þarf. Umsjónarkennari sýnir lesferil nemandans í lestri. Foreldraviðtölin eru mikilvæg fyrir samstarf heimilis og skóla og einnig að foreldrar vinni í samvinnu með umsjónarkennara þegar kemur að því að bæta námsárangur nemanda.

Verkferlar vegna heimanáms

Óunnin heimavinna

1. Ef nemandi skilar ekki heimavinnu í tvö skipti sendir umsjónarkennari póst á foreldra með ítrekun á heimavinnuskil.
2. Ef ekkert breytist og nemandi skilar ekki heimavinnu í tvö skipti til viðbótar, er hringt heim og fengin skýring á því hversvegna nemandi vinnur ekki heimavinnu.



3. Ef engin breyting verður þrátt fyrir áminningu í pósti og símtal eru foreldrar boðaðir í viðtal 3-5 dögum eftir símtal til að finna lausn á vandanum. (Ef foreldrar segja að nemandi fáist ekki til að vinna heima, þá er nemandi boðaður með í viðtalið.)

Heimalestur

1. Ef nemandi les ekki heima þrjú daga í röð, þá senda kennarar póst á foreldra og minna á heimalestur
2. Ef nemandi hefur ekki lesið heima í viku hringja þá heim og fá útskýringu.
3. Ef nemandi les ekki heima þrátt fyrir áminningu í pósti og símhringingu eru foreldrar boðaðir í viðtal til að finna lausn á vandanum. (Ef foreldrar segja að nemandi fáist ekki til að lesa heima, þá er nemandi boðaður með í viðtalið.)